



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
32. eigendafundar Sorpu bs.
Fjarfundur
mánudaginn 10. maí 2021, kl. 13:00

Mætt:

f.h. eigenda Sorpu bs.:

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogi.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.

frá stjórn SORPU bs.:

Líf Magneudóttur, Reykjavík.
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.
Birkir Jón Jónsson, Kópavogi.
Bjarni Torfi Ástþórsson, Seltjarnarnesi.
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbær.

Enn fremur sátu fundinn Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. Páll Guðjónsson ráðgjafi, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Sorpu bs., Gunnar Einarsson, stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

1. Breytt meðhöndlun úrgangs, umbreyting Sorpu og sorpbrennslan / málsnr. 1908010

Framkvæmdastjóri Sorpu bs kynnir m.a. það sem snýr að aðgerðaáætlun um breytta meðhöndlun úrgangs og lágmörkun urðunar. Þá liggur fyrir tillaga frá Sorpu bs. vegna forverkefnis til undirbúnings framtíðarlausnar til meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi. Fer stjórn Sorpu bs., samkvæmt fyrirliggjandi tillögu, fram á heimild til að hefja viðræður við UAR og sorpsamlögin á SV-



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

horninu um samstarf og kostnaðarskiptingu vegna þessa verkefnis. Jafnframt er farið fram á heimild eigendavettvangs Sorpu bs. fyrir því að Sorpa bs. leggi fram allt að 15 milljónum króna vegna þessa verkefnis, enda sé tryggt að framlag byggðasamlagsins verði metið sem framlag Sorpu bs. verði verkefninu haldið áfram inn í stofnun formlegs vettvangs/félags síðar.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt er að hefja forvinnu og greiningu skv. b-lið tillögu sem unnin sé á næstu þremur mánuðum á vettvangi samstarfsvettvangs sorpsamlaga á SV horninu og í samstarfi við UAR. Heimilað er að Sorpa leggi fram allt að 15 milljónir kr. vegna verkefnisins enda komi framlög einnig frá ríki og öðrum sorpsamlögum sem að málinu koma. Eðlilegt þykir að Samband Íslenskra sveitarfélaga komi líka að málinu og verður leitað eftir framlagi frá því. Þegar fyrrgreind greiningarvinna liggur fyrir, verður málið lagt fyrir eigendavettvang að nýju og þá tekin afstaða til næstu skrefa s.s. er varðar stofnun formlegs vettvangs/félags.

2. Móttaka jarðefna við Bolaöldu /málsnr. 2103005

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá.

3. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari.